

A man's face is shown in profile, looking towards the left. The image is a composite where the man's face and neck are overlaid on a city street at night. The city lights, including streetlights and car headlights, are visible through the man's silhouette. In the top right corner, there is a blue circular graphic element containing a white logo of several small circles arranged in a pattern.

Árshlutauppgjör 1F 2024

Orrí Hauksson og Óskar Hauksson

23. apríl 2024



Rekstur

Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur	1F			
	2024	2023	Breyting	%
Rekstrartekjur	6.575	6.298	277	4,4%
Kostnaðarverð sölu	(4.180)	(4.155)	(25)	0,6%
Rekstrarkostnaður	(1.964)	(1.825)	(139)	7,6%
EBIT	431	318	113	35,5%
Hrein fjármagnsgjöld	(195)	(1)	(194)	-
Tekjuskattur	(65)	(71)	6	-8,5%
Hagnaður tímabils	171	246	(75)	-30,5%
EBITDA	1.435	1.315	120	9,1%
Hagnaður á hlut	0,07	0,07	-	0,0%

Rúmlega 9% EBITDA aukning á milli ára og EBIT eykst um tæp 36%

- Sjónvarpstekjur aukast um rúm 9%
 - Tekjur af Síminn Premium aukast um 13%
 - Auglýsingatekjur aukast um rúm 7%
- Farsímatekjur aukast um tæp 8%
 - Reikitekjur aukast um tæp 8%
 - Umtalsverð fjölgun viðskiptavina í farsíma
- Gagnaflutningstekjur aukast um 5%




Heildarkostnaður eykst um tæp 3% sem er aðallega vegna hækkunar hjá fjarskiptabirgjum og hækkun launakostnaðar

Hagnaður lækkar um 75 m.kr. á milli ára

- Síminn hafði tæpar 100 m.kr. í vaxtatekjur á 1F 2023 vegna söluandvirðis skuldabréfs í tengslum við sölu Milu





Efndadagur á kaupum þriggja félaga á auglýsingamarkaði (Billboard) var 27. mars sl.

- Kaupin hafa áhrif á efnahag en ekki rekstur á 1F 2024



Tekjur eftir starfspáttum

Starfspættir	1F			
	2024	2023	Breyting	%
Farsími	1.628	1.513	115	7,6%
Gagnaflutningur	2.064	1.966	98	5,0%
Sjónvarpsþjónusta	2.009	1.838	171	9,3%
Vörusala	424	472	-48	-10,2%
Annað	450	509	-59	-11,6%
Samtals	6.575	6.298	277	4,4%



Farsími: Farsímaþjónustu innanlands og erlendis, hvort sem er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta eða önnur farsímaþjónusta.

Gagnaflutningur: Gagnaflutningsþjónusta, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, heimtaugar og aðgangsnét.

Sjónvarp: Dreifing á sjónvarpsefni, áskrift, notkun og auglýsingar á miðlum félagsins.

Vörusala búnaðar: Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.

Annað: Tekjur tengdar fjarskiptum, upplýsingatækni og fjármálum. Frá árinu 2024 er hér einnig talsímaþjónusta fyrir fyrirtæki og einstaklinga og samanburðartölum breytt til samræmis.



Sterk byrjun á árinu

Sala hefur gengið vel í byrjun árs en að sama skapi er brottfall meira en gengur og gerist

- Ástæða þess er m.a. að mikið var um inngönguþilboð á markaði

Ekki mikil nettó breyting á fjölda viðskiptavina á 1F en sá fjórðungur er sögulega séð slakastur

Síminn breytti talsvert samsetningu á vörum á einstaklingsmarkaði í fyrra

Starfslokasamningar á 1F 2024 hafa talsverð áhrif til hækkunar á launakostnaði á fjórðungnum

Niðurstaða kjarasamninga var í takti við forsendur sem Síminn áætlaði fyrir þetta ár

Annar kostnaður er ágætlega fyrir séður á þessu ári

Mikið hefur verið unnið í bættum þjónustuferlum og upplifun viðskiptavina Símans

Að vanda verður boðið upp á hágæða efni í Sjónvarpi Símans

Síminn er því bjartsýnn á að tekjuþróun á árinu verði hagfelld og væntingar um afkomuvöxt á árinu standist





**Efnahagur og
sjóðstreymi**




Efnahagsreikningur


Eignir	31.03.2024	31.12.2023
Rekstrarfjármunir.....	3.444	2.552
Leigugæðir.....	1.563	732
Óefnislegar eignir.....	25.180	21.047
Aðrar eignir.....	407	431
Fastafjármunir	30.594	24.762
Birgðir.....	1.304	1.257
Viðskiptakröfur.....	2.509	2.279
Útlán.....	2.801	2.715
Aðrar skammtímakröfur.....	1.489	966
Handbært fé.....	2.026	1.810
Veltufjármunir	10.129	9.027
Eignir alls	40.723	33.789

Skuldir og eigið fé	31.03.2024	31.12.2023
Eigið fé.....	18.101	17.600
Eigið fé	18.101	17.600
Vaxtaberandi skuldir.....	11.650	7.470
Leiguskuldbindingar.....	1.163	503
Tekjuskattskuldbinding.....	292	232
Langtímaskuldir	13.105	8.205
Vaxtaberandi skuldir.....	2.488	2.281
Viðskiptaskuldir.....	3.829	4.261
Næsta árs afborganir.....	909	276
Aðrar skammtímaskuldir.....	2.291	1.166
Skammtímaskuldir	9.517	7.984
Skuldir og eigið fé alls	40.723	33.789


Hreinar vaxtab. sk. með leiguskuldb. og Pay útlánunum




Eiginfjárlutfall



Hreinar vaxtaberandi skuldir/EBITDA*



Arðsemi eigin fjár*



Hreinar vaxtaberandi skuldir taka tillit til útlána hjá Símanum Pay. Hreinar vaxtaberandi skuldir/EBITDA fyrir 1F 2024 inniheldur EBITDA Billboard.
*Án stjórnvaldssektar sem greidd var 2020 og endurgreidd 2022.

Sjóðstreymi

Sjóðstreymi	1F 2024	1F 2023
Rekstrarhreyfingar		
Rekstrarhagnaður tímabils.....	431	318
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir.....	1.004	997
Liðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi.....	21	0
	<u>1.456</u>	<u>1.315</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum.....	(177)	(145)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	1.279	1.170
Nettó greiddir vextir.....	(68)	118
Greiddir skattar.....	(90)	(158)
Handbært fé frá rekstri	1.121	1.130
Fjárfestingahreyfingar		
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum.....	(1.292)	(1.616)
Útlán Símans Pay.....	(119)	(266)
Kaup á dótturfélagi að frádregnu handbæru fé.....	(3.732)	0
Sala á verðbréfi.....	0	15.685
Fjárfestingahreyfingar	<u>(5.143)</u>	<u>13.803</u>
Fjármögnunarahreyfingar		
Greiddur arður	0	(499)
Viðskipti með eigin bréf.....	(191)	(643)
Útgreitt hlutafé.....	0	(15.580)
Afborganir leiguskuldbindingar.....	(69)	(63)
Nettó breyting á lánum.....	<u>4.500</u>	<u>0</u>
Fjármögnunarahreyfingar	4.240	(16.785)
Breytingar á handbæru fé.....	218	(1.852)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé.....	(2)	(37)
Handbært fé í upphafi árs.....	1.810	3.721
Handbært fé í lok tímabilsins.....	<u>2.026</u>	<u>1.832</u>

Yfirtaka Símans á þremur félögum á auglýsingamarkaði hafa talsverð áhrif á efnahag:

- Fastafjármunir aukast um 848 m.kr.
- Leigueign eykst um 887 m.kr.
- Veltufjármunir aukast um 309 m.kr.
- Viðskiptavild eykst um 4.406 m.kr.
- Skuldir aukast um 1.565 m.kr.

Til að fjármagna kaupin þá dró Síminn 3 ma.kr. á lánalínu sem félagið hefur átt ónýtta síðan árið 2021. Að auki voru afhent eigin bréf í Símanum fyrir 1 ma.kr. og það sem eftir stóð var greitt með handbæru fé.

Gengið var frá stækkun á skuldabréfaflokki Símans á 1F sem er á gjalddaga 30. júní 2026



- Vextir flokksins eru 1M REIBOR + 1,3% álag og eru greiddir mánaðarlega
- Stækkun flokksins nam 1,5 ma.kr. og er heildarstærð nú 3 ma.kr.

Útgáfurammi Símans í kauphöll er 6 ma.kr. og af því eru nú alls 5,4 ma.kr. nýttir



Fjárfestingar

Fjárfestingar



Fjárfesting í sjónvarpsefni og sýningarréttum nema um 60% af heildarfjárfestingu á 1F 2024

- Síðasta greiðsla vegna sýningarréttar að ensku úrvalsdeildinni, fyrir samningstímabilið sem hófst 2022, féll til á fyrsta fjórðungi ársins
- Fjárfest var í sýningarréttum samkvæmt samningi við HBO

Uppbygging og viðhald tæknilegra innviða samanstendur af uppfærslu stafræna þjónustuinnviða, endurnýjun kjarnabúnaðar í farsíma og styrkingu sjónvarpsinnviða



Um starfsemina






Billboard hluti af samstæðu Símans

Í janúar undirritaði Síminn kaupsamning um kaup á öllu hlutafé í þremur fyrirtækjum á auglýsingamarkaði

Þann 15. mars tilkynnti Samkeppniseftirlitið Símanum að stofnunin hefði lokið rannsókn á kaupunum og teldi ekki tilefni til frekari rannsóknar eða íhlutunar í málinu

Á efndadegi, þann 27. mars, fékk Síminn afhent hlutafé fyrirtækjanna og greiddi stærstan hluta kaupverðsins, 3.714 m.kr. í peningum og 101.153.146 hluti í Símanum

Lokauppgjör fer fram eigi síðar en 6 mánuðum frá efndadegi þegar endanleg leiðrétting kaupverðs að teknu tilliti til stöðu nettó vaxtaberandi skulda og veltufjármuna m.v. efndadag hefur farið fram





Um Billboard

Billboard setti upp fyrstu skjáina í júlí 2016

Í dag eru starfsmenn 27 talsins

Fyrirtækið Dengsi ehf. var keypt árið 2017

Samningur við Reykjavíkurborg um rekstur strætóskýla var gerður árið 2018

Billboard er að megninu til tveir miðlar:

- 41 stórir skjáir
- 540 skjáir í 270 strætóskýlum

Félagið er því á rúmlega 300 stöðum



**Betra
samband**

siminn.is




Hægist á útlánavexti Símans Pay á fyrsta fjórðungi

Útlánaaukning 1F 2024 nemur 85 m.kr.

- Léttkaup halda áfram að dragast saman og lækka um 14% frá áramótum
- Útlán Léttkorta jukust um 11% frá áramótum

Virkir korthafar telja nú um 8.500 einstaklinga






Þróun á fjártæknivörum fyrir fyrirtækjamarkað heldur áfram

Mikil vaxtatækifæri eru á fyrirtækjamarkaði þar sem þróun á fjártæknilausnum hér á landi hefur hingað til verið nær eingöngu á einstaklingsmarkaði

- Rúmlega 40 fyrirtæki og stofnanir hafa tekið upp **Rafrænar beiðnir**, og hafa rúmlega 3 ma.kr. farið í gegnum kerfið á sl. 12 mánuðum
- **Fyrirtækjakort** Símans Pay er í prófunum með völdum aðilum og hafa viðtökur á kerfinu farið fram úr björtustu vonum
 - Opnað verður fyrir almenna notkun á næstu vikum
- Bæði **Rafrænar beiðnir** og **Fyrirtækjakort** Símans Pay fela í sér umbyltingu á því hvernig fyrirtæki halda utan um úttektir starfsmanna, s.s. eins og yfirsýn, öryggi og stýringu





Sjónvarp Símans, uppbygging 5G og WiFi 7

Þrjár innlendar þáttaraðir frumsýndar á fjórðungnum

- Síminn sýnir sex af þeim ellefu innlendu leiknu þáttaröðum sem sýndar verða á árinu

Beinar útsendingar frá landsleikjum U19, U20 og U21 landsliða í samstarfi við KSÍ ásamt beinum útsendingum frá bikarúrslitum yngri flokka og vináttulandsleikjum A-landsliðs karla í samstarfi við HSÍ

Áframhaldandi uppfærsla á 4G sendum víða um landið sem auka afköst og drægni ásamt fjölda nýrra 5G senda í þéttbýli sem og á hringveginum

Síminn fyrstur íslenskra fjarskiptafyrirtækja að bjóða upp á WiFi 7 netbeina sem tryggja aukinn hraða, lægri svartíma og styðja aukinn fjölda tækja

Barnaheill og Síminn hófu átaksverkefni sem hvetur til ábyrgrar símanotkunar og símalausrar samveru fjölskyldunnar




SKVÍZ



Hluthafar




Hluthafar



Hluthafar

- Greiddur var 500 m.kr. arður 5. apríl 2024
- Hlutafé var lækkað 27. mars 2024 um 125.000.000 eigin hluti og er hlutafé í félaginu 2.650.000.000
- Síminn greiddi hluta kaupverðs Billboards með eigin bréfum í Símanum, eða samtals 101.153.146 hluti
- Eigin bréf standa því í 51.345.854 hlutum sem er tæplega 2% af útgefnu hlutafé
- Hluthafar voru 1.000 í lok 1F 2024
- Hlutabréf Símans hafa hækkað um 1,5% frá áramótum

Hluthafar 17.4.2024	Fjöldi hluta	Eignahlutur
Stoðir hf.	461.194.170	17,40%
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	264.877.095	10,00%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	253.771.439	9,58%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	215.422.187	8,13%
Gildi - lífeyrissjóður	149.446.085	5,64%
Birta lífeyrissjóður	105.467.528	3,98%
Stefnir - Innlend hlutabréf hs.	91.625.521	3,46%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	88.830.504	3,35%
Stapi lífeyrissjóður	78.151.623	2,95%
Lífeyrissjóður starfsm Rvborgar	71.407.033	2,69%
10 stærstu hluthafar	1.780.193.185	67,18%
Aðrir hluthafar	818.460.961	30,89%
Samtals útistandandi hlutir	2.598.654.146	98,06%
Eigin bréf	51.345.854	1,94%
Heildarhlutafé	2.650.000.000	100,00%





Horfur 2024



Afkomuspá fyrir árið 2024

Afkomuspá er uppfærð og tekur nú tillit þess að Billboard er hluti af samstæðu Símans frá og með 31. mars sl.

- Tekjur Billboard eru um 1.400 m.kr. á ársgrundvelli og EBITDA um 800 m.kr.

EBITDA spá fyrir árið er hækkuð um 600 m.kr. vegna kaupa á Billboard

Fjárfestingar eru hækkaðar um 100 m.kr. vegna kaupa á Billboard

EBITDA	7,0 – 7,3 ma.kr.
EBIT	2,7 – 3,0 ma.kr.
Fjárfestingar	3,3 – 3,6 ma.kr.*



Viðaukar

Fyrirvari

Síminn vekur athygli á því að upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem félagið telur áreiðanlegar á hverjum tíma og staðhæfingar sem finna má í kynningunni kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við kynningu. Staðhæfingar sem finna má í þessari kynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar kynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.

Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Kynningin er eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar en ekki ætluð sem hluti af eða grundvöllur ákvarðanatöku þeirra aðila sem fá hana í hendur. Viðtakendur eiga því ekki að nokkru leyti að túlka innihald kynningarinnar sem loforð eða leiðbeiningar.

Sérhver yfirlýsing í kynningu þessari sem vísar til framtíðaráætlunar eða framtíðarárangurs er einungis spá um framtíðarhorfur félagsins, byggð á núverandi þróun, fyrirliggjandi upplýsingum og áætlunum. Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissupátta sem getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við breytingar á efnahagsumhverfi, framboð á fjármagni og áhrif eftirlitsaðila.

Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.

